

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 14. maí 2025:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um endurmat á framkvæmdum við Fossvogsbrú vegna kostnaðaraaukningar:

Borgarstjórn samþykkir að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að samstarfsaðilar í samgöngusáttmálanum endurmeti framkvæmdir við Fossvogsbrú og meti hvort fallið verði frá þeim eða hvort unnt sé að finna hagkvæmari lausn á tengingu almenningssamgangna milli Reykjavíkur og Kársness. Það verði gert með hliðsjón af því að kostnaðurinn hefur rokið upp úr 2,25 milljörðum í 8,8 milljarða króna, nærri fjórfoldun, eða 291% aukning frá upphaflegri áætlun, sem vekur spurningar um áætlanagerð og fjármálastjórn verkefnisins.

Greinargerð:

Upphaflega var gert ráð fyrir að kostnaður við Fossvogsbrú yrði 2,25 milljarðar króna samkvæmt frumáætlunum um fyrstu lotu Borgarlínu. Ekki hafa verið lagðar fram nýjar kostnaðaráætlunar opinberlega frá því að greint var frá kostnaðaráætlunum Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar, sem gerðu ráð fyrir allt að 8,8 milljörðum króna fyrir verkið, sem jafngildir nærri fjórfoldun frá upphaflegri áætlun.

Þessi kostnaðaraaukning hefur valdið skattgreiðendum í Reykjavík verulegum áhyggjum. Því til staðfestingar lögðu borgarbúar sjálfir til að lagning Fossvogsbrúar yrði endurskoðuð með tilliti til hagræðingar, þegar borgin auglýsti eftir hagræðingartillögum nýverið.

Það er ljóst að ekki er allt sem sýnist þegar kemur að kostnaði við þessa framkvæmd. Þáverandi ráðherra sveitarstjórnarmála, Sigurður Ingi Jóhannsson, [kallaði eftir því](#) að útboð Reykjavíkurborgar yrði skoðað innan ráðuneytisins og óskaði m.a. eftir gögnum frá borginni vegna málsins. Ekki hefur enn verið birt opinber niðurstaða eða greinargerð frá ráðuneytinu vegna þessa máls, en tillöguflytjandi hefur sent ráðuneyti sveitarstjórnarmála erindi vegna þess með hliðsjón af upplýsingalögum.

Þá hefur komið fram að ekki hafi verið tekið tillit til kostnaðar við brúna í hönnunarsamkeppni Vegagerðarinnar, í vægi í mati á þeim hönnunartillögum sem sendar voru inn í keppnina, nema að sáralitlu leyti. Athygli vakti að dýrasta tillagan varð fyrir valinu og reyndu Betri samgöngur ohf. að réttlæta valið með því að kalla brúna yfir Fossvog krúnudjásn í þeirri viðleitni að réttlæta kostnaðinn. Í þessu samhengi ber að hafa í huga að brúin mun eingöngu þjóna almenningsvögnum en ekki almennri umferð ökutækja.

Að auki hefur Ríkisendurskoðun tekið málið til skoðunar og vinnur nú að greiningu á verkefninu, en embættið hyggst fylgjast með framvindu Fossvogsbrúar, meta kostnað og meta hvort útboðsferlið hafi verið í samræmi við lög og reglur.

Í ljósi framangreindra staðreynda er ljóst að framkvæmdin við Fossvogsbrú, í núverandi mynd, stendur ekki undir þeim forsendum sem upphaflega voru settar fram. Því er eðlilegt og nauðsynlegt að borgin, í samstarfi við aðra aðila samgöngusáttmálans, staldri við, horfist í augu við breyttar forsendur og meti hvort rétt sé að halda áfram, hætta við eða leita að hagkvæmari leiða. Það er lágmarkskrafa í þágu skynsemi, ábyrgðar og virðingar fyrir skattfé borgarbúa að gripið sé til slíks endurmats